

- 135** **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um veiting einkaleyfis.** —  
28. okt. Eptir allra þegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins hefur hans hátign konung-  
inum hinn 24. dag þ. m. allra mildilegast þóknast að veita Peter Möller í Kristiania  
allrahæst framhaldseinkaleyfi, þar sem einkaleyfi það, er honum hinn 12. sept. þ.  
á. var veitt um 5 ára tímabil til þess að gjöra meðalalýsi á þann hátt, er hann  
hefur tiltekið, allstaðar í Danaríki nema á Íslandi, Færeyjum og í nýlendunum,  
er rýmkað svo, að leyfið gildi einnig fyrir Ísland.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til  
þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

- 136** **Útdráttur úr brjefi landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um sveitakennara-**  
18. nóv. **styrk.** — Fyrirspurn frá sóknarnefndinni í Húsavíkursókn svarað á þá leið, að  
styrkurinn til sveitakennara væri samkvæmt orðum fjárlaganna ekki veittur  
þeim, er sveitakennara nota, til afdráttar í launum sveitakennaranna, heldur  
sveitakennurunum sjálfum, eptir nemendafjölda og kennslutímalengd, án alls  
tillits til launa þeirra, er þeir fá fyrir starfa sinn af þeim, er ráða þá til  
kennslunnar.

### Reikningur

- 137** fyrir styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda frá 1. september 1891  
til 31. ágúst 1892.

#### Tekjur:

- |   |             |                    |
|---|-------------|--------------------|
| 1. Eptirstöðvar 1. september 1891 (sjá Stj.tíð. 1891 B, 179. bls.):   |             |                    |
| a. Innritunarskírteini Ltra A fol. 84 . . . . .                       | kr. 8600,00 |                    |
| b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . . . .                     | — 553,23    | kr. 9153,23        |
| 2. Ársvextir af innstæðu sjóðsins:                                    |             |                    |
| a. Af innritunarskírteini til $11/6$ '92 á $3\frac{1}{2}\%$ . . . . . | — 301,00    |                    |
| b. — innstæðu í landsbankanum . . . . .                               | — 23,66     | — 324,66           |
|   |             | <u>kr. 9477,89</u> |

#### Gjöld:

- |   |            |                    |
|---|------------|--------------------|
| 1. Heiðursgjafir veittar:                         |            |                    |
| a. Guðmundi Guðmundssyni á Auðnum . . . . .       | kr. 140,00 |                    |
| b. Jóni Guðmundssyni á Efri-Brú . . . . .         | — 140,00   | kr. 280,00         |
| 2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1892:                   |            |                    |
| a. Innritunarskírteini Ltra A fol. 84 . . . . .   | — 8600,00  |                    |
| b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . . . . | — 597,89   | — 9197,89          |
|   |            | <u>kr. 9477,89</u> |

Reykjavík 1. október 1892.  
Landshöfðinginn yfir Íslandi.

*Magnús Stephensen.*